

Sp.

926. Nefndarálit

[335. mál]

um till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á nokkrum fundum. Hefur hún fengið til viðtals eftirtalda menn um tillöguna: Geir H. Haarde formann stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóra Kísilmálmvinnslunnar hf., Stefán Reyni Kristinsson frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, Jón Sigurðsson frá Þjóðhagsstofnun, svo og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun. Þá hefur nefndin fengið skriflegt álit frá Halldóri Jónatanssyni forstjóra Landsvirkjunar.

Nefndin varð ekki sammála og leggur meiri hl. nefndarinnar til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Breytingin er tvíþætt: Annars vegar miðar breytingin að því að tryggja að ályktun Alþingis sé í fullu samræmi við 3. gr. laganna um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, nr. 70/1982, svo að ríkisstjórnin fái þær heimildir sem í lögnum greinir. Einnig kemur fram að ríkisstjórnin hafi heimild til að leita eftir samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild að þessu fyrirtæki.

Hjörleifur Guttormsson tók sæti í nefndinni við afgreiðslu þessa máls í forföllum Garðars Sigurðssonar.

Alþingi, 15. maí 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.
Eggert Haukdal.

Kolbrún Jónsdóttir,
fundaskr., með fyrirvara.
Þórarinn Sigurjónsson.

Hjörleifur Guttormsson,
með fyrirvara.
Egill Jónsson.